Fundur haldinn í stjórn Dvalar og hjúkrunarheimilisins Jaðars fimmtudaginn 29.10. 2026, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Sigrún Hafdís Guðmundsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir forstöðumaður.

Fyrir fundinn fóru stjórnarmenn í skoðunaferð um húsnæði Dvalarheimilisins með Sigrúnu forstöðumanni.

Björn Arnaldsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosning formanns. Tillaga lögð fram um Björn Arnaldsson. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Kosning varaformanns. Tillaga lögð fram um Sigrúnu Hafdísi Guðmundsdóttur. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Bréf frá bæjarritara dags. 09.09. 2026. Í bréfinu koma m.a. fram óskir bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, um að á fyrsta fund stjórnarinnar verði bæði aðal og varamenn boðaðir, þar verði kynnt nýtt erindisbréf sem bæjarstjórn hefur sett stjórninni, farið verði yfir fundaplan stjórnarinnar og skipulag á því hvernig varamenn verði boðaðið á fundi. Formaður sagði frá því að bæði aðal og varamenn stjórnarinnar hafi verið boðaðir á þennan fund. Aðrir liðir bréfsins verða afgreiddir hér á eftir.

4. Erindisbréf stjórnar dags. 03.09. 2026. Formaður fór yfir alla liði erindisbréfsins. Lagt fram til kynningar.

5. Fundaplan stjórnar fyrir árið 2027. Formaður lagði til fundaplan sem eru 4 fundir á ári þ.e. febrúar, maí, ágúst og október. Fundaplanið samþykkt samhljóða.

6. Boðun varamanna á stjórnarfundi. Formaður lagði eftirfarandi til. Forfallist aðalmaður og geti ekki mætt á fund skal hann tilkynna það formanni sem sér um að boða varamann og verði varamenn boðaðir í þeirri röð sem þeir voru kosnir í stjórnina. Samþykkt samhljóða.

7. Bréf frá bæjarritara dags. 11.06. 2026, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð stjórnar Jaðars dags. 12.05. 2026. Lagt fram til kynningar.

8. Yfirlit frá forstöðumanni um starfsemi Jaðars. Fram kom hjá forstöðumanni að almennt sé reksturinn í góðu jafnvægi, þá ræðir hann um starfsmannamál, viðhald húsnæðis, nýtingu hjúkrunarrýma, biðlista og fleira. Þá kynnti forstöðumaður bréf til bæjarráðs Snæfellsbæjar dags. 22.10. 2026, þar sem óskað er eftir viðbótar fjárheimildum vegna aukins launakostnaðar ársins 2026.

9. Umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra árið 2026. Á fundi stjórnar Jaðars dags. 12.05. 2026, kynnti forstöðumaður umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra, annars vegar vegna endurnýjunar á sjúkrakallkerfi kr. 2.076.000.- og hins vegar vegna endurnýjunar á stýrikerfi lyftu kr. 3.066.000.- Báðar umsókirnar voru samþykktar. Fram kom hjá forstöðumanni að búið er að panta stýrikerfið og verður skipt um það í nóvember n.k. Varðandi endurnýjun á sjúkrakallkerfinu er komið tilboð í kerfið og er stefnt að því að skipta um það eftir n.k. áramót.

10. Eignarhald á húsnæði Jaðars og samskipti við ríkið. Formaður kynnti tölvupóst frá Fjármála og efnahagsráðuneytinu til Snæfellsbæjar dags. 05.10. 2026. Þar koma m.a. fram hugmyndir ráðuneytisins um verðmat á eignarhlut Snæfellsbæjar í Dvalarheimilinu. Málið var rætt á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar dags. 13.10. 2026, og þar var samþykkt að fela bæjarstjóra að ræða áfram við ráðuneytið. Lagt fram til kynningar.

11. Erindi til bæjarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027. Forstöðumaður kynnti erindi til bæjarstjórnar og fór yfir þau lið fyrir lið m.a. viðhald húsnæðis, breytingar á starfsmannaaðstöðu, tækjakaup og fleira. Stjórnin gerir ekki athugasemdir við erindin.

12. Önnur mál.

    - Forstöðumaður sagði frá því að nú í haust verði haldið skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk Jaðars.
    - Forstöðumaður ræddi um hvað það væri mikilvægt ef í Snæfellsbæ væri starfandi sjúkraþjálfari, öllum til hagsbóta þ.m.t. heimilisfólkinu á Jaðri. Allir sammála því.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson formaður.